

Menn að hnýta snörur

Lag og texti: Bubbi Morthens

Hún vinnur úti eins og tíðkast hér
áhyggjur og fjögur börn, líkt og vera ber.

Karlinn er á sjónum, þénar sama sem ekki neitt
saman herða ólina og engu geta eytt.

Þau heimta engar milljónir, bara mannsæmandi laun
matarskatt í bónus fá og skilja ekki baun.
Þau þekkja bara vinnuna, í víti af henni er nóg.
Vakna til að lifa og aldrei finna ró.

Sjaldan þú heyrir um hryllinginn þann
hengdan úti í bílskúr sinn föður barnið fann
með skilaboð á miða skráð „Ég get ei meir“
Skuldin er hjá mér og þér og á því lifa þeir.

Barnfóstran er vídeó þau vaka fram á kvöld
vita ekki um skuldinar sem duga í heila öld.
En rifrildin þau heyra og hræðslan smýgur inn
þau hína undir sænginni með náföla kinn.

Sjaldan sérðu uppboðin né andlitin grá
eða augu full af tárur og vonlausri þrá.
Þér þykir það sjálfsagt skrítið að skuldin er hjá oss
skondið er að vita þessu veldur lítill kross.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi og Megas - Bláir draumar (1988)

-

Bubbi - Bláir (2006)

- Bubbi - Sögur af ást landi og þjóð 1980 - 2010 (Aðeins á DVD útgáfunni, 2010)